

Þekkingasetur Nýheima – fundur stjórnar í Árnanesi

Mættir: Ragnhildur Jónsdóttir formaður og fundarstjóri, Kristín Hermannsdóttir, Vigfús Ásmundarson, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason, Vala Garðarsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir, Tinna Björk Arnardóttir sem ritar fundargerð.

Fjarverandi: Árdís Erna Halldórsdóttir, Davíð Kjartansson.

Ragga sagði frá samtali við Þórarinn Sólmundarson hjá Mennta og menningarmálaráðuneytinu. Hann varar við því að auglýsa stöðuna fyrr en eftir að önnur umræða hefur farið fram og jafnvel þar til samþykkt liggur fyrir. Einnig ræddi hann um mögulega þátttöku sveitafélagsins og hvernig staðið verður að framhaldsfræðslu. Það er ekki skilningur fundarmanna að starfsmaður Nýheima eigi að sjá um framhaldsfræðluna.

Skoða þarf hvað er að gerast á hinum þekkingarsetrunum í Sandgerði og Blönduósi, hvaða fjármagn fá þau og hver er aðkoma sveitafélaga þar?

Markmið þessa fundar er að vinna útfrá stefnumótun Nýheima frá 10 ára afmælinu og skilgreina 7-10 verkefni sem nýr starfsmaður gæti komið að.

Verktillaga aðá fundinum kom frá Fanney, Árdísi og Tinnu. Var hún samþykkt.

Fundargestir skiptu sér í þrjá hópa, menntun og fræðsla; náttúra, menning og rannsóknir; atvinna og nýsköpun. Hóparnir fengu 20 mínútur til að ræða saman. Niðurstöður kynntar:

Atvinna og nýsköpun: Í þessum hópi voru Fanney, Vigfús og Tinna.

Verkefnisstjórnin gæti verið með yfirsýn yfir verkefni sem eru í gangi og mögulega sótt um styrki fyrir aðila sem starfa á þessu sviði. Tengls við atvinnulífið mikilvæg sem og við samfélagið í heild, starfsmaður þarf að vera andlit Nýheima útávið og efla öll tengsl milli samfélagsins og okkar sem störfum í Nýheimum.

Vantar upplýsingar fyrir ferðaþjónustuna, ýmsa tölfræði og rannsóknir sem hægt væri að nota til að auka gæði og bæta uppbygginu. Oft erfitt að verða sér úti um upplýsingar um Hornafjörð í þeim gögnum sem til eru þar sem svæðið er stundum talið með austurlandi og stundum með suðurlandi.

Möguleikar á að sækja um styrki fyrir verkefni á sviði ferðaþjónustu t.d. úr framkvæmdasjóði ferðamála.

SASS er að vinna að gerð atvinnustefnu með sveitafélaginu og hópruinn taldi gott að byggja á því sem þar verður til.

Ekki vænlegt að búa til innrömmuð verkefni að svo stöddu, það væri meira brýnt að hafa yfirsýn og sjá möguleika á samstarfi í þeim verkefnum sem stofnanirnar eru þegar að sinna.

Sjávarútvegur, landbúnaður, ferðaþjónusta þetta eru helstu atvinnugreinarnar á Hornafirði og því verður áherslan að einhverju leiti á þessa atvinnuvegi.

Menntun og fræðsla: í þessum hópi voru Ragnhildur og Eyjólfur. Hópurinn fór yfir sviðið, það eru mörg verkefni í gangi. Samstarfsverkefni á milli grunn og framhaldsskóla. Mest liggur á að koma framhaldsfræðslunni í farverg, koma á samstarfi við suðurlandi bæði við háskólafélagið og fræðslunetið. Það er mest akút verkefnið núna.

Ræddu lítið verkefnistjóra og mögulegt hlutverk.

Samstarf á milli skólastiga, starfsnám. Smell passar að vera með tengingu vinnustaða og Nýheima. Ný námskrá, verið að kanna að tengja vetrarvinnu nemanda við skólann og einingar. Starfsnám, Eyjólfur að skoða möguleika á því að nám geti farið meira fram inná vinnustöðum. Rannsóknir, hægt að tengja saman menntun og rannsóknir. Eru að koma á laggir verkefnum sem verða vöktunarverkefni þar sem er verið að kanna þolmörk samfélagsins gagnvart ferðamönnum. Hægt að nýta betur nemendur og kennara FAS við að vinna og þróa rannsóknir.

Vöruhúsið er orðið aðili að verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP og komin í samstarf þar. Er boðið á fund á Írlandi á næstunni vegna þessa.

Það var haldinn opinn fundur um FAB Lab (Fabrication Laboratory) þangað lögðu margir sér leið og það var mikill áhugi. Hér er mögulega verkefni fyrir nýjan starfsmann að kanna möguleika.

Náttúra, menning og rannsóknir: í þessum hópi voru Kristín, Vala og Þorvarður.

Hornafjarðasöfn eru að fara af stað með verkefni sem gæti mögulega komið inní Nýheima. Getum nýtt nemendur á BA og Master stigi og verið með efni við sem þau geta sótt og vilja vinna verkefni hér. Náttúran og hvernig hún hefur haft áhrif á búsetu og mótun samfélags og búsetuþróun. Vantar GIS grunn. Hægt að miðla til ferðapjónustu í framtíðinni.

Gagnasöfnun, erum flest að safna upplýsingum og gögnum. Ætti heima hjá Nýheimum og starfsmaður gæti haft yfirsýn yfir hvað er til og hvað er aðgengilegt. Hvað má miðla og nota. Ekki endilega um miðlægan grunn að ræða heldur frekar að vita hvar gögn eru til.

GIS – mjög nauðsynlegt.

Auka samstarf og samtal við sveitafélagið. Gott að nýta Nýsköpunarsjóð námsmanna til að sækja um til að vinna ákveðin verkefni.

Vera virk í að miðla gögnum, gera þau sýnilegri og ýtt undir að fólk lesi þau. Gæti kveikt áhuga eða hugmyndir í samfélaginu

Skapandi greinar, komin ákveðinn slagkraftur í það Vöruhús og fleira komið. Tvennskonar creative industries þar sem atvinnusköpunin er og hins vegar samfélagsleg. Verkefnisstjórinn gæti verið að draga til okkar fjármagn, verkefni, hugmyndir. Kemur inná hefðbundna menntun og símenntun.

Alþjóðlegi loftlagsskólinn, nýta aðstæðurnar hér. Erum korter að keyra upp að jökli. Flesta daga á ári getum við farið uppá jökul. Til mikið af rannsóknum hér. Alþjóðlegur skóli, jafnvel skóli sameinuðu þjóðanna, þverfaglegur skóli, margar fræðigreinar. Akademísk ferða þjónusta. Rannsóknir

Ævintýraparadís: möguleikar á því að byggja upp innanhúss aðstöðu t.d. klifurvegg, ísklifur innandyrna. Þegar veður eru slæm væri Höfn aðal staðurinn, ævintýramennska.

Fyrirmynda samfélagið / sjálfbæra samfélagið: auka sjálfbærni samfélagsins.

Gæti haft yfirsýn yfir hvaða fólk er að koma tímabundið eða í sjálfböðavinnu, verkefni ýmis konar og reyna að dreifa því jafnt yfir árið. Passa að ekki séu allir á sama tíma og að hópar væru ekki verkefnislausir. Yfirsýn frekar en að vinna þetta.

Umræður.

Fúsi: Mikilvægt að allt fari út í atvinnulífið og þar í gegn. Sköpum raunverulegt virði þannig. Nauðsynlegt að þekkingarsetrið er tengt samfélagi og atvinnulífi en líka að tengja okkur inná við.

Eyjólfur: Þegar við erum komin með öflugra manneskju, hugsunin er skýr verður enginn skortur á verkefnum. Formerkin þurfa að vera tenging við samfélagið. Það er nr. 1,2 og 3

Fanney: Þó við séum bara með hugmyndir þá er svo mikilvægt að við séum samstíga og með svipaðar hugmyndir. Mikilvægt að við höfum sameiginlega sýn.

Þorri: Þurfum að forgangsraða verkefnum. Viljum við fá manneskju með þekkingu sem við höfum ekki eða sem er framlenging af okkur.

Ragga: Góð starfslýsing að forstöðumanni þekkingaseturs Suðurnesja

Starfslýsingu frá þekkinga-setri Suðurnesja var varpað upp á vegg og stjórnin fór yfir textann og breytti m.t.t. Nýheima og þeirra þarfa sem hér eru. Eins var rætt um mögulega aðkomu Krikjubæjarklausturs að þessari starfslýsingu. Vinna við mögulega auglýsingu ekki kláruð, Ragnhildur með drögin vistuð á tölvunni sinni.

Fundi slitið kl. 17.